

Styrkir byggðapróunarverkefnisins Hrísey, perla Eyjafjarðar

Verkefnisstjórn byggðapróunarverkefnisins Hrísey, perla Eyjafjarðar auglýsir **auka-úthlutun styrkjár verkefnisins fyrir árið 2017, eða kr. 2.230.000**. Styrkfénu er ætlað að styrkja verkefni sem falla að áherslum byggðaverkefnisins.

Stefnumótun og helstu markmið verkefnisins má sjá á **www.hrisey.is** og þar er einnig að finna **sniðmát fyrir styrkumsóknir**.

Ekki er gerð krafa um mótframlag en jafnan er það talið verkefnum til framdráttar ef þau laða fram krafta og aukið frumkvæði þátttakenda. Enn fremur styrkir það verkefni ef þau leiða til **samstarfs** aðila innan héraðs og/eða til samstarfs við aðila utan héraðs. Styrkhæf verkefni eru **rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni** þar sem markvisst er stefnt að markaðssetningu nýrrar eða endurbættrar vöru eða þjónustu. Enn fremur **samfélagsefandi verkefni** önnur en þau sem teljast til lögbundinna og/eða hefðbundinna verkefna ríkis eða sveitarfélaga.

Við vekjum sérstaka athygli á því að búið er að rýmka úthlutunarreglur Brothættra byggða þannig að nú er einnig heimilt að styrkja stofnfjárfestingu í hvers konar verkefnum að því gefnu að þau raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði.

Frekari upplýsingar um verklag vegna styrkja má finna á vef Byggðastofnunar í viðauka við verklýsingu verkefnisins:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/bb2-vidauki-v-styrkir-utg-2.2-juni-2017.pdf

Umsóknum um styrki skal skila rafrænt á netfangið helgairis@akureyri.is fyrir mánudaginn 9. október 2017. Nánari upplýsingar og ráðgjöf veitir Helga Íris Ingólfssdóttir verkefnisstjóri í s. 690-2333 eða á netfanginu helgairis@akureyri.is



Akureyri



BYGGÐASTOFNUN



EYÞING
SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRDI OG ÞINGEYJARSÝSLUM

